

BORGARRÁÐ 4. mars 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aukid fjármagn vegna styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki - R14050127

Tillaga Flokks fólksins um að sett verði nauðsynlegt fjármagn í „styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki“ enda ljóst að gera þarf breytingar á vaktkerfi, vaktaplönun og launaforritum.

Mikill fjöldi félagsmanna vinnur vaktavinnu m.a. fjöldi starfsmanna innan heilbrigðisgeirans og í stofnunum velferðarþjónustunnar. Með styttingu vinnuvikunnar verða miklar breytingar á vaktakerfinu. Vaktaplönun þarf að breyta og einnig forritum sem halda utan um t.d. launamál. Kannski var þetta ekki alveg hugsað til enda þegar sett var sem skilyrði að þetta mætti ekki kosta neitt. Þessu fylgir eðlilega kostnaður ef taka á verkefnið um styttingu vinnuvikunnar alla leið. Streðað var við að stytta vinnuviku dagvinnufólks án þess að setja í það krónu. Hætta er á að það komi niður á þjónustuþegum, starfsfólki og jafnvel starfsemi á þeim stöðum þar sem mesta álagið er. Ef allir taka vinnutímastyttingu yrði mönnunargat of stórt til að ráða við það og til að fylla það gat þarf fjármagn. Einhverjir í hlutastörfum munu án efa auka starfshlutfall sitt, vinna sömu tíma en fá hærri laun sem er vel en ekki er raunhæft að ætla að skref sem þetta muni ekki kosta sitt. Eitt er víst að þeim peningum er vel varið.